

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Athafnasvæði Hellnahrauni 1. áfanga“ vegna Hringhellu 2 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 1. apríl 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Athafnasvæði Hellnahrauns 1. áfanga“ vegna Hringhellu 2 í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 29. september 2003.

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 5. febrúar 2002 nýtt deiliskipulag á lóð-inni Grænumörk 10, Hveragerði, samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Tilheyrandi greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 18. september 2003.

Guðmundur F. Baldursson, skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Löngumýri 28 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu/viðauka við skipulagsskilmála fyrir Löngumýri 28 í Garðabæ. Í breytingunni felst að heimilað verður að fjölga íbúðum úr 9 í 10 í fjölbýlishúsi sem fyrir er á lóðinni. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreind breyting öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 22. september 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.